

Finnbogadóttir, kona hans. Kveðst hún ekki greiða skuldina. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógæti yfir því, að hann gerði fjárnám í eignarhluta gerðarþola í húsinu nr. 42 við Mávahlíð og skýrði þýðingu þess fyrir mætti, Helgu Finnbogadóttur. Brýndi fógæti fyrir mætti að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Fallið var frá virðingu.

Miðvikudaginn 9. maí 1962.

Nr. 172/1961. **Gísli Ólafsson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðmundi Þórarinssyni (Gísli Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Lárus Jóhannesson og prófessor Magnús Torfason og
Einar Arnalds yfirborgardómari.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Guttormur Erlendsson hæstaréttarlögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm samkvæmt sérstakri umboðsskrá, dagsettri 21. ágúst 1961, ásamt meðdómsmönnum Kristni P. Briem kaupmanni og Ingólfi Nikódemussyni húsasmíðameistara.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dagsettri 21. nóvember 1961, og gert þær dómkröfur: *Aðallega* að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda verði dæmt skylt að færa girðingu milli húsanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu á Sauðárkróki um 1,20 metra til vesturs, en til vara, að honum verði dæmt skylt að fjarlægja nefnda girðingu.

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir að máli þessu var áfrýjað, hafa nokkur ný skjöl verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal veðbókarvottorð fyrir húseignina nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, dags. 26. apríl s.l., er sýnir, að eignin er að hálfu leyti eign stefnda, en að hálfu leyti þinglesin eign Ingibergs Helgasonar samkvæmt afsali, dags. 13. júlí 1958.

Í héraði var Ingibergi gert viðvart um fyrirtekt málsins og honum skipaður réttargæzlumaður, þar sem hann gat eigi sjálfur sótt þing, en hann er, eftir því sem upplýst er í málinu, heimilisfastur í Merkjagerði í Lýtingsstaðahreppi. Ekki verður þó séð, að tekið hafi verið til varnar af hans hálfu, og dómurinn leiðbeindi ekki áfrýjanda, sem hafði ólöglerðan umboðsmann, um að beina kröfum sínum að sameigendum báðum, ef hann vildi fá endanleg úrslit á málsefninu, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936, enda er Ingibergs ekki getið í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 41/1919 ber að leggja fram nákvæman og staðfestan uppdrátt af þrætustað, til þess að sjá megi glögglega, um hvað er deilt. Uppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram í málinu, er eigi fullnægjandi til að gera sér nákvæma hugmynd um lóðina og legu hinnar umdeildu girðingar á henni né heldur til að merkja inn á hann niðurstöðu efnisdóms í málinu.

Vegna þessarar vanreifunar þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Áfrýjandi, Gísli Ólafsson, greiði stefnda, Guðmundi Þórarinssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur fasteignamáladóms Sauðárkróks 31. ágúst 1961.

Með erindi, sem dagsett er 19. maí 1960, gerir sækjandi máls þessa kröfu um það, að girðing sú, er skilur milli lóðanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu á Sauðárkróki, verði staðsett ca einum metra vestar og þá rösklega það en hún er nú. Endanleg kröfugerð sóknaraðiljans var sú, að girðingin milli húsanna nr. 11 og 11 B við Suðurgötu yrði flutt 1.20 metra til vesturs. Þá krafðist sóknaraðili og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja, eiganda hússins nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, er krafizt sýknu af kröfum sóknaraðilja og einnig málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt mati dómsins.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að umdeild girðing eigi að vera í beinu framhaldi af girðingu milli lóðanna nr. 13 og 13 B við Suðurgötu á Sauðárkróki, enda hefði lóðin nr. 11 B við þá götu upphaflega verið þannig mæld.

Varnaraðili heldur því hins vegar fram, að umdeild girðing hafi vegna þrengsla við húsið nr. 11 B verið sett niður nokkru vestar en upphafleg útmæling gæfi tilefni til og séu því ekki rök til krafna sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum málsins virðast málavextir vera þannig:

Samkvæmt útmælingu, er fram fór 4. febrúar 1927 og framkvæmd var af Sigurði Sigurðssyni, þáverandi sýslumanni í Skagafjarðarsýslu, og tilkvöddum útmælingamönnum, Sigurgeiri hreppstjóra Daníelssyni og Steindóri Jónssyni trésmíðameistara, var Halldóri Vídalín Magnússyni verzlunarmanni á Sauðárkróki mæld byggingarlóð á spildunni milli Hesthússtígs og Sauðár. Voru lóðamörk ákveðin þannig: Norðurmörk lóðarinnar voru talin suðurmarkalína svonefndrar Jónasarlóðar við Hesthússtíg, en vesturmörkin skyldu takmarkast af línu í 5 álna fjarlægð frá austurbrún Hesthússtígs austan stígsins og samsíða henni.

Lengd lóðarinnar frá norðurmörkum til suðurs var ákveðin 19 metrar, en breidd hennar frá nefndum vesturmörkum til austurs var ákveðin 20 metrar. Lóðin var þannig ákveðin rétt-hyrndur ferhyrningur, 380 fermetrar að stærð.

Lóð sú, sem nú var lýst, er sú sama og nú er nefnd nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki.

Samkvæmt útmælingu, er fram fór 27. apríl 1929 og framkvæmd af sömu mönnum og áður getur, var sækjanda máls þessa, Gísla Ólafssyni, mæld út byggingarlóð austan húslóðar Halldórs Vídalíns Magnússonar, en vestan Sauðár. Mörk hennar

ar voru ákveðin þannig, að að norðan skyldi hún takmarkast af suðurmörkum áðurnefndrar Jónasarlóðar, en að vestan af austurmarklinu lóðar Halldórs Vídalíns Magnússonar. Lengd lóðarinnar frá norðri til suðurs var ákveðin 19 metrar, en breidd frá austri til vesturs 13 metrar. Varð lóðin þannig rétthyrndur ferhyrningur, 247 fermetrar að stærð.

Ekki er vitað með vissu, hvenær girðing sú, sem um er þrátt-að í málinu, var reist. Fyrir liggur þó uppdráttur, sem talinn er gerður af Jóni J. Víðis 1932 og 1934, ásamt viðbótarmælingu 1936. Á þeim uppdrætti er dregin upp girðing sú, sem um er deilt. Árið 1932 mun hún þó ekki hafa verið reist, og virðist hún því hafa verið sett upp milli þess árs og ársins 1936.

Hinn 8. júlí 1960 gekk fasteignamáladómur Sauðárkróks á vettvang, og voru þá gerðar eftirfarandi mælingar: Lagður var til grundvallar áðurnefndur uppdráttur Jóns J. Víðis, en hann sýnir austurtakmörk Hesthússtígs (á uppdr. Suðurgata) í 5.5 metra fjarlægð frá vesturmörkum hússins nr. 11 við Suðurgötu. Samkvæmt því voru 2.35 metrar af lóð þess húss taldir vestan þess (miðað við frá vestri til austurs). Er mældir voru 17.65 metrar frá norðvesturhorni hússins til austurs, reyndist umdeild girðing vera 0.65 metrum of vestarlega.

Gengið var á vettvang 30. ágúst 1961 og gerðar eftirfarandi mælingar: Frá gömlu staurbroti, sem stendur nyrzt og austast á lóð nr. 13 við Suðurgötu, til austurs að núverandi girðingu (framhlið) um lóðina 11 B reyndust 14.89 metrar. Frá girðingu milli 11 og 11 B að gömlum staur voru 1.20 metrar. Mælt var frá núverandi girðingu milli 11 og 11 B að norðan til götu 21.20 metrar. Reyndust það vera frá girðingu hússins nr. 9 við Suðurg. 4.12 metrar út í götustæði. Síðan voru mældar 5 álnir til vesturs, og reyndust þá 5.90 metrar að tröppum hússins nr. 16 við Suðurgötu. Milli hliða húsanna nr. 11 og 16 við Suðurgötu reyndust 14.35 metrar.

Í gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 2. júní 1936 er bókad um fyrirtöku bréfs frá sóknaraðilja, þar sem hann krefst þess, að lóð sín sé mæld upp vegna ágreinings um lóðarmörk. Þá telur sóknaraðili sig hafa kvartað við hreppsnefndina á Sauðárkróki 1942 um staðsetningu girðingarinnar, en þeirri kvörtun ekki verið sinnt. Loks er í gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks frá 18. sept. 1953 bókud ósk frá sóknaraðilja um upp-mælingu lóðar hans. Ekki hófst sóknaraðili þó handa um máls-höfðun fyrr en 19. maí 1960, eins og fyrr greinir.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, virðist ljóst, að umbráttuð girðing hafi staðið þar, sem hún nú er, yfir 20 ár, þegar mál þetta var höfðað. Þá þykir dóminum einnig sýnt, að flutningur girðingarinnar til vesturs mundi hafa í för með sér þá rýrnun á lóð varnaraðilja, að stærð hennar yrði ekki í samræmi við upphaflega útmælingu. Af þessum ástæðum getur dómurinn ekki fallizt á kröfur sóknaraðilja í máli þessu. Verður því að sýkna varnaraðilja af kröfum hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að gera sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 3.000.00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

Eigandi hússins nr. 11 við Suðurgötu á Sauðárkróki, Guðmundur Þórarinnsson, skal sýkn af kröfum eiganda hússins nr. 11 B við Suðurgötu á Sauðárkróki, Gísla Ólafssonar. Gísli Ólafsson greiði Guðmundi Þórarinssyni kr. 3.000.00 upp í málskostnað.
